

Ed.

626. Nefndarálit

[266. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sameiginlegir fundir fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda hafa verið haldnir um frumvarpið.

Til fundar við nefndirnar hafa komið fulltrúar frá eftirtöldum aðilum og gert grein fyrir viðhorfum sínum til málsins og veitt ýmsar upplýsingar: ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis, sjávarútvegsráðherra, fulltrúar frá Alpýðusambandi Íslands, B.S.R.B., Vinnuveitendasambandi og Verslunarráði og Þjóðhagsstofnun. Fulltrúar Bandalags háskólamanna komu á fund nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem neðri deild hefur samþykkt.

Minni hlutinn, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, skilar séráliti og flytur breytingartillögur.

Alþingi, 4. maí 1976.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Jón Helgason,
fundaskr.

Jón G. Sólness.

Axel Jónsson.

Albert Guðmundsson.